



# RÆÐA NÝKJÖRINS FORMANNS

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 2013

Góðir félagar.

Stuðningur ykkar er mér mikils virði. Að taka við formennsku í stjórn málaflakki er ekki hversdagslegur viðburður fyrir neinn og ekki sjálfgefið að taka stökkið. Ég geri það í von um að ég geti gert hreyfingunni gagn og þó fyrst og fremst fólkinu í landinu. Ég tek við keflinu af öflugum samherja og góðum vini sem ég virði af öllum hans góðu verkum fyrir málstaðinn. Steingrímur, ég veit að ég tala fyrir hönd allra sem hér eru þegar ég þakka forystuna og hlakka til framhaldsins hvað sem öllu tali um aftursæti og framsæti líður. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er rúta !

En ágætu félagar. Umræða um umræðuna er oft fyrirferðarmikil í íslenskum stjórn málum og oft verður þá lítið úr sjálfu viðfangsefninu og gleymist jafnvel að pólitík snýst um samfélagið allt, stórt og smátt. Kannski eru önnur mál fyrirferðarmeiri í umræðu samtímans en breyta mestu fyrir söguna. Þegar Katrín Thoroddsen afasystir mín sat á Alþingi fyrir tæpum 70 árum lagði hún fram fyrirspurn um innflutning á ávöxtum til landsins; það var eftir heimsstyrjöldina og ýmis innflutningshöft. Þá voru kjörbúðirnar ekki fullar af appelsínunum og Seríós-pökkum eins og nú og eplin ekki í boði allan ársins hring. Þetta gerði hún af því að henni fannst næring og heilbrigði barna jafn mikilvægt viðfangsefni stjórn mála og þau mál sem mestur tíminn fór í þá eins og nú.

Og enn skiptir það venjulegt fólk máli að fá að borða ávexti og að fá leikskólapláss fyrir barnið sitt á góðum leikskóla með góðu starfsfólki sem sýnir barninu umhyggju. Kennari barnsins skiptir hana venjulegu manneskju miklu meira máli en skólustjórinn, hvað þá menntamálaráðherrann. Það er eins gott fyrir þann sem gegnir því starfi að muna það.

Öll pólitík snýst á endanum um það sem er hversdagslegt en í öllu smáu og hversdagslegu felst líka stór og mikill kjarni. Frelsið skiptir máli, að geta haft þá tilfinningu að maður geti vaknað á morgnana og gert hvað sem mann lystir ef gangi maður ekki á rétt annarra. Sú staða er tæknilega fyrir hendi í samfélagi eins og okkar en ekki alltaf í raun. Frelsið til að vera öðruvísi, sem Rósa Luxemburg talaði um, það var stundum takmarkað þegar góðærið stóð sem hæst.

Það er okkar verkefni að það frelsi verði áfram við lýði þó að það sé í talsverðri hættu þegar kreppir að. Og velferðin skiptir máli, að búa við þær aðstæður að geta liðið vel, vegna þess að barnið gengur í skóla með starfsfólki sem maður treystir og vegna þess að það er læknishjálpi að fá ef eitthvað kemur upp á. Þetta er það sem við verðum að leggja áherslu á að byggja upp. Þetta heitir að treysta stóðir samfélagsins og stjórn málin og hugmyndafræði jöfnuðar, sjálfbærni, félagshyggju og náttúruverndar hafa þar miklu hlutverki að gegna.

Góðir félagar. Fyrir seinustu kosningar sagði ég aðspurð að afleiðingar hrunsins yrðu meðal annars þær að laun myndu lækka og skattar hækka. Svo ég segi sjálf frá má ljóst vera að þar er á ferðinni harla óhefðbundið kosningaloforð. Sjálfsagt þótti mörgum óskynsamlegt að segja þetta rétt fyrir kosningar en mér fannst mikilvægt að koma hreint fram og betra að fara að stað með raunhæft mat á erfiðri stöðu. Eins og við höfum fjölmörg dæmi um þessa dagana getur verið auðvelt fyrir flokk sem ekki hefur verið í ríkisstjórn um hríð að lofa öllu fögru en vorið 2009 fannst mér ekki hægt að segja fólki að kjör þess myndu batna strax. Kjörtímabilið 2009-13 gat aldrei orðið annað en niðurskurðar- og kjaraskerðingartími.



Núna eru aðstæður aðrar enda hefur náðst árangur við efnahagsstjórn og ríkisfjármál sem ekki verður litið fram hjá. Það hefur tekist að halda aftur af því atvinnuleysi sem margir spáðu að hér yrði og það hefur farið minnkandi, sérstaklega undanfarið ár. Jöfnuður hefur aukist. Verðbólgan, sem hefur leikið okkur Íslendinga svo grátt í gegnum tíðina, er nú stöðug og leitar niður á við. Kröftugur vöxtur er kominn í landsframleiðsluna sem byggir á raunverulegum forsendum eftir mikinn samdrátt árin 2009 og 2010 og því hefur fylgt vaxandi kaupmáttur eftir þá miklu kaupmáttarskerðingu sem hrúnið hafi í för með sér. Síðast en ekki síst hefur staða ríkissjóðs stórbatnað. Þessi árangur hjálpar til þegar kemur að því að renna traustum stoðum undir til dæmis öflugt velferðar- og menntakerfi og skapar forsendur fyrir enn frekari styrkingu þessara grunnstoða, þó áfram verði það mikilvægt að gæta aðhalds og missa ekki tókin sem hafa náðst á ríkisfjármálum.

Ég ætla hins vegar ekki að standa hér og segja að okkur hafi tekist að ná hinu endanlega markmiði, að byggja hér upp fyrirmyndarsamfélag þar sem lífsgæðum er skipt með réttlátum og jöfnum hætti. Þannig er staðan einfaldlega ekki.

Ég ætla ekki heldur að standa hér og eigna okkur Vinstri grænum einum þann árangur sem íslenskt samfélag hefur náð á undanförunum árum. Þetta er hins vegar allt að koma og það sem mest er um vert er að okkur hefði ekki tekist þetta nema vegna þess að við gerðum þetta saman.

Þegar ég segi „við“ þá er ég ekki aðeins að tala um okkur hér á þessum Landsfundi, eða okkur í ríkisstjórninni, okkur sem bjóðum okkur fram á vettvangi stjórnmalanna eða okkur á Alþingi. Þegar ég segi „við“ þá er ég að tala um okkur öll, okkur öll sem myndum samfélag hér á Íslandi. Íbúum landsins er fyrst vert að þakka að hafa ekki bugast eftir það mikla högg sem efnahagshrúnið árið 2008 hafði í för með sér.

Við Vinstrigræn fengum það hlutverk að vera í forystu á þessum skrítnu tímum. Þar höfum við ávallt lagt á það áherslu að byggja ákvarðanir okkar á þeirri forsendu að þær séu í almannabágu. Það er leiðarljósið sem á að fylgja og þannig vil ég vinna, með hagsmuni heildarinnar í huga.

Áherslan á að vinna í almannabágu hefur verið í öndvegi í erfiðum aðgerðum í ríkisfjármálum sem falið hafa í sér niðurskurð og skattahækkanir. Þannig hefur okkur tekist að milda áhrif kreppunnar á þá sem veikast standa. Skýr forgangsröðun í þágu velferðar og menntunar birtist í því að niðurskurður hefur verið þar minni en annars staðar og útgjöld til velferðar- og menntamála eru nú hærra hlutfall af landsframleiðslu en fyrir hrún. Þetta sýnir að það skiptir máli hverjir eru við stjórn. Þá hafa þær breytingar sem gerðar voru á skattkerfinu um áramótin 2009 til 2010 orðið til þess að auka jöfnuð í samfélaginu með því að færa skattbyrði af þeim tekjulágu yfir á þá tekjuhærri.

Eitt af því sem oft getur hins vegar verið erfitt að sætta sig við í lífinu er að góðir hlutir gerast hægt. Það er auðvelt að stíga fram fyrir kosningar og lofa gulli og grænum skógum. Það er auðvelt að bjóða fram risavaxnar heildarlausnir sem lausn á öllum vanda, án þess að segja nokkuð nánar um útfærslu eða kostnað. Við höfum brennt okkur á því að hafa látið glepjast af slíkum boðum. Það er mikilvægt að muna um leið og horft er fram á veginn. Í kosningunum árið 2003 fengu tveir flokkar umboð kjósenda til að fara með landsstjórnina. Það gerðu þeir á grundvelli slíkra heildarlausna og gylliboða. Loforð um hærri húsnæðislán, lægri skatta og risavaxnar stóriðjuframkvæmdir sannfærðu kjósendur um stuðning. Þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom til Íslands eftir hrúnið haustið 2008 og fór að leita helstu orsaka hrunsins þá tiltók hann einmitt þessar heildarlausnir, þessar hörmulegu heildarlausnir, sem þrjár af helstu orsökunum.

Nú virðast þessir sömu flokkar komnir í gamla girinn. Tími yfirboða og hinna stóru loforða virðist vera genginn aftur í garð. Í síðustu borgarstjórnarkosningum sagðist núverandi borgarstjóri ætla að gera „allskonar fyrir aumingja“. Því tóku flestir sem gríni og ádeilu á hina hefðbundnu loforðapolitik. Sumir virðast þó ekki hafa „fattað grínið“, ef svo má segja. Þessir flokkar segjast núna ætla að gera „allt fyrir alla...og líklega rúmlega það“ og eru bara alls ekkert að grínast. Slík stefna er hins vegar ekkert



gamanmál. Þessi málflutningur minnir á heimilisföður sem kemur skríðandi heim lofandi öllu fögru eftir að hafa sett allt á annan endann og látið sig hverfa á meðan þrifið var upp eftir hann. Þessi málflutningur er ótrúverðugur, hann er óabyrgur og hann er ekki í almannapágu. Kjósendur verða að vera krítískir á loforðaflauminn og meta hvort innistaða er fyrir honum.

Við Vinstri græn höfum aldrei boðað slíkar heildarlausnir. Við bjóðum hins vegar fram stefnu sem byggir á því að almannahagsmunir ráða ávallt för. Við viljum að hér byggist upp samfélag jöfnuðar og velmegunar í fjölbreyttu formi, samfélag þar sem ekki þarf með reglubundnum hætti að grípa til risavaxinna heildalausna til þess að bæta þann skaða sem síðustu heildarlausnir orsökuðu. Slík stefna er trúverðug, ábyrg og stuðlar að stöðugleika í almannapágu.

En framtíðin hefst í dag, segir einhversstaðar. Við höfum náð þeim árangri að nú er raunhæft að fara í það verkefni að bæta lífskjör almennings Eflaust hafa öll stjórn málaöfl góðar fyrirætlanir um að bæta lífskjörin en það skiptir máli hvernig þau eru bætt og á hvað menn leggja áherslu. Ég legg áherslu á að hér verði áfram byggt upp öflugt og fjölbreytt atvinnulíf sem byggist á hugviti og tekur mið af sjálfbærri þróun. Ég vil að við nýtum auðlindir þessa lands (sameign okkar) á skynsamlegan hátt, göngum ekki á náttúruna, einbeitum okkur að smáum lausnum en fjölbreyttum. Nýtum auðæfin sem felast í fiskimiðunum og landinu, höldum áfram að auka verðmæti afurða okkar með nýsköpun og þróun á sviði matvælaframleiðslu. Nýtum hugvitið til að hanna nýjar lausnir og byggjum upp iðnað sem ekki gengur um of á náttúru landsins. Ræktum nýja atvinnuvegi – þetta sem einu sinni var kallað „eitthvað annað“ – eins og hinar skapandi greinar sem velta jafn miklu og áliðnaðurinn!

Þessi atvinnustefna – sem skilar hægum en stöðugum vexti í anda sjálfberrar þróunar – er undirstaða þess að við getum bætt kjör fólksins í landinu til lengri tíma. Það gerum við með því að styrkja samfélagið þannig að grunnþjónustan verði áfram góð og öllum aðgengileg og um leið skiptir máli að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og auka ráðstöfunartekjur almennings.

Hrunið ól af sér erfiðleika og minnkandi tiltrú á samfélagið og stofnanir þess. Eftir hrun hafa fögur fyrirheit um bætt umræðumeningu ekki gengið eftir. Skotgrafahernaður í stjórn málum hefur náð að draga enn frekar úr trausti til stjórn málamanna. Þess vegna finnst mér mikilvægt að segja að ég lít ekki á neinn sem starfar í stjórn málum á Íslandi sem óvin minn. Áherslurnar eru sannarlega mismunandi og ég er mjög ósammála sumum stjórn málamönnum sem ég met þó mikils. Við verðum sennilega aldrei sammála um hvað sé best fyrir Ísland en samt held ég að það yrði betra fyrir samfélagið ef menn léku ekki alltaf þessa miklu óvináttu fyrir fjölmiðla. Stjórn mála á Íslandi eru oft eins og leikþáttur þar sem mál sem samstaða hefði kannski getað nást um eru blásin upp sem ágreiningsmál af því það hentar og þingmenn sem maður þekkir mætavel sem dagfarsprúðustu og kurteisustu menn sjást aldrei í fjölmiðlum nema bálreiðir og urrandi. Svona er þetta víða um heim auðvitað en vandinn er að íslenska þjóðin hefur misst áhugann á þessum leik og lifir sig ekki inn í sjónarspilið og ég verð að játa að ég skil hana mætavel. Við höfum öll margt betra við tímann að gera.

Ágætu félagar.

Það kann að vera að ég sé ekki hinn dægigerði karl í krapinu. Sem betur fer segi ég og vonandi eru fleiri sammála. Ég hef stundum verið sökuð um að vera skrautleg, sökuð um að brosa of mikið, sökuð um að vera ekki há í loftinu, sökuð um að vera ekki nógu róttæk og sökuð um að hrópa ekki nógu hátt. Af þessu er það satt að það eru margir hærri en ég, en ég er reiðubúin til að gera mitt í samvinnu við aðra til að reyna að efla traust á stjórn málum, til að vinna með fólki og já ég hef sýnt það í verki að ég er reiðubúin til að gera málamiðlanir sem ég tel að skili okkur einhverjum hænuftum áfram í átt að okkar markmiði því að við erum ekki aðeins dæmd af hugsjónum okkar heldur líka þeim málamiðlunum sem við gerum og því hvort þær skila okkur áfram veginn – nær markmiðinu um samfélag jöfnuðar og sjálfbærni, samfélag sem er fyrir fólkið í landinu en ekki aðeins markaður lögaðila sem skipt hafa kökunni á milli sín.



Samfélagið snýst um tengslin á milli okkar, um fjölskyldurnar, um vináttu, sigra og ósigra, um samhljálpinu. Samfélag er margslungið fyrirbæri. Við búum í stóru og fámennu landi þar sem hafa verður í huga hagsmuni landsbyggðar og höfuðborgar og að mínu viti er allt of mikið að því gert að draga þetta upp sem andstæða póla. Það samfélag sem við byggjum mun alltaf eiga í samkeppni um okkar besta fólk og því verðum við að hafa upp á eitthvað að bjóða. En víkkum sjónarhornið: Við búum í stórum heimi þar sem Íslendingar hafa það hlutfallslega gott miðað við fátæk ríki heimsins og við getum og eigum að láta gott af okkur leiða. Við búum í stórum heimi þar sem vandamálin og viðfangsefni eru knýjandi. Við búum í heimi þar sem hnattvæðing á forsendum fjármagns hefur ekki skapað jöfnuð milli fólks í ólíkum heimshlutum, ekki skapað jöfnuð kynslóða sem fara og kynslóða sem koma – heldur aukið ójöfnuð.

Heimssýn hinnar kapítalísku hnattvæðingar snýst um að horfa á heiminn sem einn markað lögaðila – ekki sem samfélag fólks. Sú heimssýn ræður miklu um það hvernig heimurinn lítur út nú. Heimur þar sem hægt er að kaupa sér „uppfærslu“ á fangaklefa rétt eins og á hótélherbergi – en það er t.d. hægt í Kaliforníu. Heimur þar sem hægt er að kaupa indverska konu til að ganga með barn. Heimur þar sem hægt er að borga einhverjum fyrir að standa í biðröð á sjúkrahúsi fyrir sig – en það er hægt í Kína. Heimur þar sem er hægt að kaupa sér rétt til að skjóta nashyrninga í útrýmingarhættu. Heimur þar sem þeir sem borga meira fá farsímanúmerið hjá læknum sínum en ekki hinir. Heimur þar sem ekki er lengur talað um það sem ekki verður metið til fjár heldur heimur þar sem allt er metið til fjár. Viljum við búa í þannig heimi? Viljum við láta markaðshyggjuna gegnsýra allan okkar hugmyndaheim.

Mótun samfélags jöfnuðar og sjálfbærni er meginmarkmið Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Það er verkefni sem tekur tíma og þjónar bæði okkar íslenska samfélagi en líka umheiminum. Einstaklingurinn og samtakamátturinn getur haft áhrif á heimsvísu með gerðum okkar heima fyrir. Það er í okkar höndum hvernig við vinnum að því markmiði. Undanfarin fjögur ár höfum haft tækifæri til þess að vinna að okkar stefnumálum og ég hef farið yfir árangurinn af því. Ég trúir því að við getum haldið áfram að ná árangri með því að standa keik, eiga í kröftugri samræðu við alla þá sem við störfum með og standa við okkar gildi.